



## Abraham

Fyrir næstum 4000 árum var uppi maður sem hét Abraham og átti heima í Harran ásamt Söru konu sinni. Þeim vegnaði vel en áttu engin börn. Dag einn heyrði hann nafn sitt kallað og vissi að það var Guð sem talaði til hans. Guð sagði honum að yfirgefa landið og fara til þess lands sem Guð mundi vísa honum á. Þar mundi ætt Abrahams vaxa og verða mikil. Abraham vissi að óhætt var að hlýða Guði og hélt því af stað ásamt konu sinni og þjónum. Ferðin tók langan tíma og þau þurftu oft að stansa til að hvílast. Guð leiddi Abraham til Kaananlands og Guð sagði: Allt það land sem þú sérð gef ég þér og afkomendum þínum sem munu verða jafnmargir og öll sandkorn jarðarinnar.



Tíminn leið og fólkinu fjölgaði. Abraham og Sara voru orðin mjög fullorðin en eignuðust engin börn. Guð talaði til Abrahams og sagði honum að hann mundi eignast son og afkomendur hans yrðu jafnmargir og stjörnurnar á himninum. Árin liðu og Sara var orðin vonlítill um að eignast son. Hún ákvað því að Hagar, ambátt sín, skildi eignast barn með Abraham. Hagar eignaðist son með Abraham og hann var nefndur Ísmael. Dag einn komu þrír menn í tjaldbúðir Abrahams og var þeim vel tekið. Þeir sögðust koma aftur að ári og er þeir kæmu ætti Sara son. Sara var vonlítill um að það mundi rætast en Abraham vissi að mennirnir þrír voru Guð og englar hans tveir. Orð manna stóðu og Sara eignaðist son ári seinna sem nefndur var Ísak.

**Kaananland** er gamalt nafn á því landsvæði sem nú er Ísrael ásamt hluta af Líbanon og Sýrlandi.

**Ambátt** er kvenkyns þræll.

**Englar** eru himneskar verur eða góðir andar.

Gyðingar líta svo á að Abraham sé upphafsmaður gyðingdómsins og því ættfaðir allra gyðinga. Frásögnin af því þegar Guð biður Abraham að fylgja sér til Kanaanlands er þýðingarmikill í augum gyðinga vegna þess að þeir líta á það sem staðfestingu á tilkalli til landsvæðisins sem nú kallast Ísrael.

## Spurningar

1. Hvert leiddi Guð Abraham?
2. Hvers vegna Sara að láta ambátt sína eignast barn með Abraham?
3. Hverjir komu og heimsóttu Abraham og Söru?
4. Hvers vegna er sagan um Abraham gyðingum mikilvæg?
5. Hvaða stöðu hefur Abraham í gyðingdóm?